20190318-0004



GRUNNMYND 1. HÆÐAR
MKV. 1:100

Viðbygging

Viðbyggingin er 4 hæðir byggt sunnan við Ægisgötu 2 "Fiskiðjuna ". Á jarðhæð verður innangengt frá núverandi 1. hæð og um útidyrahurð að austan þar sem einnig er iðnaðarhurð. Á jarðhæð verði móttaka og hvalalaug , sýningar gangur , tæknirými og stigahús.
Á annarri hæð verði skrifstofa , mannaaðstað og pallar meðfram laug. Á þriðju hæð verður loftræstirými
Á 4. hæð verði svalir sem tengjast núverandi húsi
Á 5. hæð verði einnig svalir sem tengjast núverandi húsi.

LAND OG STAÐGREININÚMER
Landnúmer:161578
Staðgreininúmer: 8000-1-98330020

Undirstöður :
Undirstöður verði járnbent steinstypa, einangraðar að utan með 50 mm plasteinangru, pússuð með múrkerfi amk 500 mm undir jarðvegsyfirborð.

Útveggir:
Útveggir er 250-300 mm steyptur og einangraður að utan með 75 mm plasteinangrun, millli glugga með 150mm einangrun, pússaðir með múrrkerfi og steinaðir eins og núverandi bygging.

Innveggir/milliveggir:
150-250 mm steyptir veggir og 115 mm hlaðnir veggir

Plötur/ gólf:
Plata á jörðu eru 150-200 mm staðsteypt járnbent steinsteypa á 50 mm plasteinanmgrun, plötur yfir hæðum eru úr 70 mm filigraneiningum með 150 mm ásteypulagi.

Þakvirki:
Yfir stálburðarvirki koma Lett-Tak samlokueiningar Einingarnar eru úr 150 mm steinullareinangrun, yfir einangrunina kemur krossviður klæddur með protan dúk. Að neðan er hljóðeinangrunardúkur og rifflluð sigötuð stálplata.

Svalir:
Ofan á járnbenta steinstyptar plötur komi ásoðin tvöfaldur asfaltdúkur 70mm eða 2x70mm sérframleidd plasteinangrun, jarðvegsdúkur og hellur lagðar í sand

Loft:
Steinsteypt loft eru sandspartlaðir og máluð

Frágangur gólfa:
Gólf í safni er klætt með vinyldúk. Önnur rými eru með máluð gólf

Frágangur veggja:
Steinsteyptir veggir eru sandsparslaðir og málaðir, í bakrýmum eru steyptir veggir ekki sandsparslaðir. Keramikflísar er á salernum upp fyrir klósetkassa og málaðir þar að ofan.

Lagnir og loftræsting
Reglugerðir, staðlar og leiðbeiningar
Ofnhitakerfi hönnuð skv. IST 66 DS 418:2002
Neysluvatnskerfi eru hönnuð skv. IST 67 DS 439:2000
Frárennsliskerfi hönnuð skv IST 68 DS 432 :2000
Loftræstikerfi eru hönnuð skv. EN1752, DS447:2013 og DS 428:2011
Byggingarreglugerð 2012 m/viðbótum

Frárennsliskerfi
Allt frárennsli frá byggingunni fer í frárennsliskerfi Vestmanneyjabæjar. Regnvatn frá þaki og plani við hús fer í regnvatnskerfi. Frárennslislagnir undir plötu eru úr PVC-plastpípum.
Lagnaefni er PVC plast innan og utan sökkla. Niðurföll í lóð eru með 300mm sandfangi hvert. Brunnar á regnvatnslögnum eru með 300mm sandfangi. Hreinsibrunnar eru á frárennslislögnum í lóð.
Sér affallskerfi er frá hvalalaug og kerjum í safni sem liggur beint út í sjó. Lagnaefni er úr PE - plaströrum m/soðnum samskeytum.

Neysluvatnskerfi
Pípur í stofnlögnum neysluvatnskerfis eru úr ryðfríu stáli. Heitt vatn verður upphitað kalt vatn með hitastig lágmark 60°C og hita allt að 65°C. Vatnið er hitað upp í varmskipti sem staðsettur er í tæknirými. Vatni er hringrásað um stofna. Blöndunartæki í handlaugum verða með stillanlegu hámarkshitastigi (42°C).

Hitakerfi
Hitakerfi er tengt fjarvarmaveitu Vestmanneyabæjar. Þrýstingur að ofnakerfi verður 1.5 bar. Þrýstingur að forhitakerfi og eftirhitaflatakerfi loftræstingar verður 4 bar (eða veituþrýstingur). Lagnir í hitagrind í inntaksklefa verða úr þykkveggja stálpípum með skrúfuðum tengjum aðrar lagnir svo sem lagnir í ofnakerfi og lagnir að eftirhitaflötum loftræstingar verða þunnveggja pípur með klemmdum samtengjum.
Hitastýring á svæðum og herbergjum er með sjálfvirkum lofthitastýrðum ofnlokum. Hitakerfið miðast við kólnunartölur og forsendur aðaluppdrátta.
Sjór frá borholu er notaður í hvalalaug þar sem sjónum er haldið í ákveðnu hitastigi og hreinsaður með þar til gerðum hreinsibúnaði. Laugin er hituð upp með fjarvarmaveitunni og kæld með kælivél sem tengd er sjóveitunni.

Loftræstikerfi
Þrjár loftræstisamstæða þjóna íverustöðum hússins og eru staðsettar í tæknirýmum. Samstæðurnar er með varmaendurvinnslu, forhitaflöt og eftirhiturum sem þjóna hver sýnu svæði. Útsog verður frá hreinlætisrýmum. Loftinntak og útköst eru upp á þaki. Sér loftræstisamstæður þjóna tæknirýmum.
Markmið með loftræsingu er að loftræsa einstök rými reglulega með útilofti til að þynna út og fjarlægja loftmengun frá fólki, starfsemi, byggingarefnum og húsgögnum. Hámarksgildi CO2 í innilofti er 800 ppm. (1000 ppm skammtímagildi) og á það við um öll vinnu- og dvalarrými. Ekki er gert ráð fyrir að vélræn loftræsing anni kæliþörf vegna sólarálags gegnum glugga heldur verði viðbótar loftræsing gegnum opnanlega glugga, þannig að hitastig fari ekki yfir 28°C. Við hönnun og frágang loftræsikerfisins verður farið eftir íslenskum reglugerðum, svo sem Byggingarreglugerð. Loftræsiþörf byggingarinnar er metin m.a. með hliðsjón af 10.2.7 gr. Byggingarreglugerðar. Loftræsiklefinn verður í þar til gerðu tæknirými. Loftinntakið og frákastið verða á hlið tæknirýmisins.

Þannig er gengið frá loftræsikerfinu að það rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Þar sem loftræsistokkar ganga á milli meginbrunahólfa verða brunalokur sem skulu lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi. Loftræsikerfið stöðvast við brunaboða frá brunaviðvörunarkerfi.

Einangrun, hámarks U-gildi:

Þak	0,30 w/m²
Útveggur	0,40 w/m²
Gólf	0,40 w/m²

Hljóðvist:
Hljóðeinangrunagildi veggja og gólfa verða í samræmi við kröfur sem settar eru fram í íst 45, 2. útgáfa, 2011-01-21, flokki c, nýbyggingar og endurómstími innan marka.

Stærðir viðbygging:

	Fermetrar m²	Rúmmál m³
1. hæð	747,2	5913,3
2. hæð	257,2	1465,8
3. hæð	101,5	252
4. hæð		
Samtals	**1.105,9**	**7631,1**

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
14. MAR. 2019
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

SKÝRINGAR:

BO	BJÖRGUNAROP
GN	GÓLFNIÐUFALL
LR	LOFTRÆSTING
R	REYKSKYNJARI
ÚT	NEYÐARÚTGANGUR
25 m.	BRUNASLANGA
EI 60	VEGGUR SEM STENDT 60 MÍNÚTNBA BRUBNAÁLAG
EI60CS	SJÁLFLOKANDI BRUNAHUR SEM STENST 60 MÍN. ÁLAG

0 2000 4000 6000 8000 10000 mm
1:100 (A1)

ÚTGÁFUFERILL

ÚTG.	DAGS.	SKÝRINGAR	HANNAÐ	YFIRF.	SAMÞ.
01	16.01.2018	BYGGINGARNEFNDARTEIKNING	PZ	BB	PZ
02	13.03.2018	BYGGINGARLÝSING UPPFÆRÐ	BM	BB	PZ
03	19.10.2018	INNVEGGJAGERÐ OG FÆRSLA HURÐA	BM	BB	PZ
04	08.02.2019	HREINSISTÖÐ	BM	BB	PZ

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 14.03.2019
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.): Þór Jónbjörnsson
DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 14.03.2019
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.): Björgvin Björgvinsson 270563-5449

THE SEA LIFE BELUGA PROJECT

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169
© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
ÆGISGATA 2
PROJECT KILT
900 VESTMANNAEYJAR

HEITI TEIKNINGAR
AÐALUPPDRÁTTUR
GRUNNMYND 1. HÆÐ
OG BYGGINGARLÝSING

FRUMÚTGÁFA	MKV.	STÆRÐ
16.01.2018	1:100	A1

VERKNÚMER	VERKHLUTI	TEIKNINGANÚMER	ÚTGÁFA
1.851.204	000	CDR-0101	04